

Skýrsla framkvæmdastjóra

Stjórnarfundur 16. ágúst 2021

Jón Viggó Gunnarsson

Afrit af '0000000000' dags: 11.11.2026

SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

Almennt úr starfsemi SORPU I

- Vinna á vegum SSH og SORPU um samræmingu sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu gengur vel.
  - Verkefnahópur myndaður til að útfæra leið A1 – fjórir flokkar við heimili – í takt við afstöðu starfshóps um samræmingu úrgangsflokkunar hjá SSH og nýsamþykkta löggjöf frá í sumar.
  - Megin verkþættir eru samræming flokkunar, hirðu og geymslu sorpíláta
  - Stefnt að söfnun plast, pappírs, blandaðs og lífræns við húsvegg
  - Einnig er verið að skoða hvernig grendarstöðvakerfið og endurvinnslustöðvar geta orðið hluti af heildstæðu kerfi
  - Stefnt að kynningu á verkáætlun innleiðingar í haust
- Vinna í gangi við áætlanagerð SORPU fyrir árið 2021 er komin á fullt og áhrif breytinga á starfssemi vegna lokunar Álfsnes hefur verið reiknuð út og kynnt stjórn og eigendum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Almennt úr starfsemi SORPU II

- Innleiðing áhættustefnu er vel á veg komin og markmiðið er að innleiða varnagla í rekstri svo að stjórnendur og stjórn geti brugðist tímanlega við. Í nýrri útgáfu stefnunnar er tekið á upplýsingagjöf til stjórnar og áhættusækni SORPU ávörpuð, sem er lág.
- Samstarfið við Ýmir fer vel af stað og liggur verkáætlun fyrir um byggingu húss undir starfssemina og viðræður eru í gangi um að setja lífdísil framleiðslu Ymis upp á sama stað. Að hafa fituvinnsluna og lífdísel framleiðslu á sama stað, skapar ákveðið hagræði í flutningum og framleiðslu sem rétt er að skoða nánar.
- Plast í dísel verkefnið með PvD ehf er á áhugaverðum stað því nú er samstarfsaðilinn að skoða plastframleiðslu með tækni frá fyrirtækinu UBQ frá Ísrael og hafa erlendir fjárfestar lýst yfir áhuga á að taka þátt í verkefninu. Þannig að verkefnið er að breytast úr plast í dísel verkefni yfir í plast í plast. Þetta er mjög áhugavert fyrir SORPU því mikið magn af óhreinu plasti fellur til sem hingað til hefur ratað í urðun eða brennslu erlendis.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Almennt úr starfsemi SORPU III

- Forverkefni til undirbúnings að innleiðingu framtíðarlausnar til meðhöndlunar á brennanlegum úrgangi, sem unnið er á samráðsvettvangi sorpsamlaga á SV- horninu með aðkomu Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og sambandi íslenskra sveitafélaga, hefur verið ýtt úr vör í samstarfi við fjölda haghafa á markaði. Haldinn var ræs fundur í lok júní þar sem verkefnaáætlun var kynnt og vinnustofa haldið þar sem magn brennanlegs úrgangs sem fellur til á landinu var ávarpað. Einnig hefur gengið vel að fá sérfræðinga til að vinna einstaka verkliði og verður ræs-fundur sérfræðihópsins haldinn 18. ágúst. Helgi Þór Ingason hefur verið ráðinn verkefnastjóri verkefnisins.
- Sex mánaða uppgjör er í vinnslu og hefur drögum, ásamt greinargerð með uppgjörinu verið skilað til Reykjavíkurborgar. Endurskoðun uppgjörsins er í vinnslu og verður uppgjörið kynnt stjórn á stjórnarfundi í lok ágúst.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Endurvinnslustöðvar

- Innleiðing glærra poka á endurvinnslustöðvum gengur vel er almenn ánægja með þessa breytingu hjá viðskiptavinum SORPU.
- SORPU hefur borist afrit af kæru einstaklings til persónuverndar um hvort SORPU sé heimilt að krefjast þess að úrgangur komi í gegnsæjum pokum og er vísað í friðhelgi einkalífsins.
- Smásalar hafa hætt að selja ógagnsæja poka og mikill áhuga á að auka samstarf við SORPU um endurvinnslu og ábyrga flokkun.
- Umfjöllun í fjölmiðlum hefur almennt séð verið jákvæð en borið hefur á óánægju með 500 kr. gjald vegna komu úrgangs í ógegnsæjum pokum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Góði hirðirinn

- Mikið magn nytjahluta berst til Góða hirðisins nú sem endranær.
- Endursöluhlutfall á bilinu 66-72%
  - Góður árangur en fer ólíklega hærra vegna stærðar verslunar.
- Rekstur á Hverfisgötu og netverslun í stöðugri þróun
- Samkomutakmarkanir hafa áhrif á starfsemi en netverslun Góða hirðisins vegur upp á móti.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Móttöku- og flokkunarstöð

- Skipulagning á starfsemi, húsnæði og vinnsluferlum við móttöku og flokkun farma er í endurskoðun vegna breytinga á móttökuskilmálum vegna lokunar urðunarstaðar og fyrirhuguðum útflutningi.
- Nýir úrgangsflokkar komu inn í júlí: deig, fóðurmjöl og hveiti ásamt matvæli í umbúðum til að koma öllu lífrænu efni til GAJU. Verið að endurreikna verðskrá fyrir þessa flokka sem verður kynnt síðar á árinu
- Hrein tréflís fer aftur til Elkem þar sem hún er notuð til framleiðslu á málmi.
- Útboð vegna útflutnings á brennsluefni verður opnað n.k mánaðarmót og þá mun endanlega verða ljóst hver áhrifin verða á gjaldskrá SORPU. Einnig mun tímalína skýrast en stefnt er að hefja útflutning um áramótin.
- Útboð vegna pökkunarvélar vegna útflutningsáforma SORPU og vinnuvéla er seinna á ferðinni en áætlað var og hugsanlega tefjast útflutningsáform vegna þessa.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Móttöku- og flokkunarstöð II

- Flutningur á lífrænu efni til GAJA hefur gengið vel en lína 3 hefur ekki virkað sem skyldi. Lína 3 tekur við öllum þeim úrgang sem ekki fellur til í sigtum, málmskiljum eða vindskiljum: bleyjur, melónur, boltar, lambalæri og annað stórt fellur þar niður.
- Efnið er ríkt af lífrænu efni og er gott í gasframleiðslu. Tennur í hakkara sem hakkar efnið hafa brotnað. Ákveðið var að fjarlægja hakkarann og setja ekki í notkun fyrr en eftir lagfæringar framleiðandans, Marcovil. Viðræður eru í gangi við framleiðanda, sem er að skipuleggja heimsókn sérfræðinga til að laga búnað.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

GAJA

- Niðurstöður efnamælinga úr framleiðslulotum 1-5 hafa verið birtar á vef SORPU eins og gert var ráð fyrir. Allar framleiðslulotur hafa verið felldar eftir innanhússmælingar á plast- og glerinnihaldi en ljóst er að kerfisbreyting þarf að eiga sér stað í úrgangsstjórnun á höfuðborgarsvæðinu, með aukinni sérsöfnun og flokkun, ef viðunandi árangur á að nást. Einnig hefur hátt cadmium og blý innihald fellt eina framleiðslulotu.
  - Há þungmálmagildi líklega til komin vegna rangrar flokkunar við heimahús
  - Undirstrikar mikilvægi réttrar flokkunar
- Gagnleg samskipti hafa átt sér stað við MAST um leyfi til að nýta moltuna fyrir utan urðunarstað og af samskiptum má ráða að molta verður ekki samþykkt sem áburður nema að hún sé unnin úr sérsöfnuðum eldhúsúrgangi sem undirstrikar enn frekar nauðsyn þess að sérsafna lífrænu efni.
- Júlí stærsti mánuður frá upphafi í GAJU – 2.006 tonn meðhöndluð
- Gasframleiðsla dregist saman eftir að ekki var unnt að nýta efni úr línu 3.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Urðunarstaður

- Kerfisbundið er unnið að því að beina úrgangi sem ratað hefur í urðun í Álfsnesi í aðra farvegi og hefur orðið 16,9% samdráttur á urðunarstað fyrstu sjö mánuði ársins.
- Fyrirhugað er að þrengja móttökuskilmála á urðunarstað um áramót og beina úrgangsflokkum í móttöku- og flokkunarstöð í ríkara mæli.
- Unnið er í samvinnu við Ymir Technologies að varanlegri lausn fyrir sláturúrgang en fyrirhugað er að setja upp fituvinnslu í Álfsnesi sem nýtist í lífdísilgerð. Viðræður við Orkugerðina ehf. um tímabundna afsetningu sláturúrgangs eru vel á veg komnar.
- Könnunarviðræður um samstarf við aðra urðunarstaði á suðvestur – horni landsins um urðun, er einnig vel á veg kominn en ljóst er að urða þarf amk 20.000 tonn á ársgrundvelli af óvirkum úrgangi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Gashreinsistöð

- Niðurdæling koltvísýrings (CarbFix) verður tilbúið til prufukeyrslu niður í holu, af hálfu SORPU. 16. ágúst.
- Búið að leggja lögn frá hreinsistöð að holu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026



PLASTIÐ

STAÐAN OG VERKEFNIN

Skjáskot úr kynningu 11.11.2026

Plastflokkar og magn í móttökustöð

- Plastumbúðir bera úrvinnslugjald
- Eðli plasts og samsetning ræður því hvort það er hæft til endurvinnslu eða eingöngu í orkuvinnslu
- Magn til endurvinnslu/ orkuvinnslu er áætlað út frá greiningu Stena haustið 2020

Vörunúmer	Gjaldflokkur	Kr/kg (júlí 2021)	Magn 2020 (tonn)	Áætlað magn í endurvinnslu (tonn)	Áætlað magn í orkuvinnslu (tonn)
1402820	Blanda af plastumbúðum og plasti án úrvinnslugjalds (>20% umb.)	46,95	1.407	481,2	925,8
1402720	Blanda af plastumbúðum og plasti án úrvinnslugjalds (>80% umb.)	2,76	708	417,6	290,4
1402015	Filmuplast - litað/áprentað	1,34	16,3		
1401015	Filmuplast - ólitað/óáprentað	2,73	14,1		
1401102	Heyrúlluplast	Gjaldfrjálst	9		
1401320	Plast án úrvinnslugjalds	85,64	113		
1402115	Umbúðir úr stífu plasti	11,47	17,3		
1400120	Pressanlegur úrgangur frá daglegum rekstri	36,38			

Skjal sótt af '000000000' dags: 11.11.2026

Blanda af plastumbúðum og plasti án úrvinnslugjalds

Grenndargámar / plasttunnur (>80% umb.)



Endurvinnslustöðvar (>20% umb.)



Skjal sótt af '000000000' dags: 11.11.2026

Plast úr vindskilju (óhreinna efni)




Magn frá janúar til júlí 2021

- **Kári: 145 tonn**
  (til Stena)
- **Gustur og Gjóla: 1000 tonn**
  (blandað pappír og öðrum léttum efnum og fer því í urðun í dag)
- Sérsöfnun á plasti við heimili mun draga úr magni plasts í vindskiljum og magn plasts til endurvinnslu aukast

Skjal sótt af '000000000' dags: 11.11 2026

Plast án úrvinnslugjalds







Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Plast

- flokkun eftir tegundum forsenda endurvinnslu

- Stena recycling í Svíþjóð er móttökuaðili að stærstum hluta
- Nýtir Swerec til að flokka plastið með NIR tækni
  - Endurvinnanlegt: HDPE, LDPE, PP og PET
  - Orkuvinnsla (í Svíþjóð): Samsettar umbúðir, lamineraðar umbúðir, svartar umbúðir, PVC, EPS, PS, ABS og niðurbrjótanlegt lífplast, t.d. PLA



Skjal sótt af '000000000' dags: 11.11 2026

Greiningar

- Úrvinnslusjóður greiðir fyrir umbúðir og endurgjaldið er mismunandi eftir því hvort efnið er hæft í endurvinnslu eða fer til brennslu.
- Stena gerir greiningar á samsetningu plastsins og skilar skýrslum um móttekið efni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Niðurstöður greininga haustið 2020

Plast úr grenndargámum/sérsöfnun (>80% umbúðir)
Endurvinnsluhlutfall 59%

2.1 Analysis Results

Hard plastic packaging from households: (HDPE, PET, PP)	24967 kg	14,92%	
Soft plastic packaging from households: (LDPE, Laminates)	53840 kg	32,18%	
EPS:	1037 kg	0,62%	Waste
Total household packaging	**79844 kg**		
Plastics from households, NOT packaging: (MIX)	19876 kg	11,88%	
Plastics from companies: (MIX)	8367 kg	5,00%	Waste
Waste (non plastics):	54398 kg	32,51%	Waste
Total household packaging	**82641 kg**		
Total Process Loss	4825 kg	2,88%	
Total Net Weight:	**167310 kg**	**58,98%**	
		38,13%	Waste

Plast frá endurvinnslustöðvum (>20% umbúðir)
Endurvinnsluhlutfall 34%

1.1 Analysis Results

Hard plastic packaging from households: (HDPE, PET, PP)	38717 kg	9,24%	
Soft plastic packaging from households: (LDPE, Laminates)	61512 kg	14,68%	
EPS:	9009 kg	2,15%	Waste
Total household packaging	**109238 kg**		
Plastics from households, NOT packaging: (MIX)	43060 kg	10,28%	
Plastics from companies: (MIX)	68397 kg	16,32%	Waste
Waste (non plastics):	187298 kg	44,70%	Waste
Total household packaging	**298755 kg**		
Total Process Loss	11027 kg	2,63%	
Total Net Weight:	**419020 kg**	**34,20%**	
		63,17%	Waste

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Tilraunaverkefni í sumar

- EPS pressa (frauðplast)
  - Í prófun á endurvinnslustöð og í móttökustöð
  - Markmiðið að ná frauðplasti frá öðru plasti og auka þannig endurvinnslumöguleika og verðmæti
- Glært plast í poka
  - Tilraunaverkefni að nýta glært filmuplast sem berst til SORPU í glæra plastpoka



Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Næstu skref…

- Bæta flokkun plasts á endurvinnslustöðvum til að ná betri nýtingu ólíkra plasttegunda
  - EPS (frauðplast), glær plastfilma o.fl.
- Efla rannsóknir og greiningar á plasti í móttökustöð
  - Ná hreinni og verðmætari straumum og hækka endurvinnsluhlutfall
- Greina möguleika á vinnslu fyrir vindskiljuplast innanlands
- Engar hindranir í vegi hjá SORPU að miðla plasti til innlendrar endurvinnslu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026